

# **Framkvæmd fjárlaga**

**Janúar til maí 2000**



**RÍKISENDURSKOÐUN**

Júlí 2000



# Efnisyfirlit

<b>INNGANGUR</b> .....	<b>5</b>
<b>HELSTU NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>7</b>
<b>1 FJÁRLÖG ÁRIÐ 2000</b> .....	<b>9</b>
<b>2 TEKJUR OG GJÖLD RÍKISSJÓÐS</b> .....	<b>13</b>
2.1 AFKOMA RÍKISSJÓÐS .....	13
2.2 SAMANBURÐUR TEKNA VIÐ FYRRA ÁR.....	13
2.3 SAMANBURÐUR TEKNA VIÐ ÁÆTLUN .....	18
2.4 SAMANBURÐUR GJALDA VIÐ FYRRA ÁR .....	21
2.5 SAMANBURÐUR GJALDA VIÐ ÁÆTLUN .....	22
<b>3 ÚTGJÖLD ALMANNATRYGGINGA</b> .....	<b>25</b>
3.1 SAMANBURÐUR VIÐ FYRRA ÁR .....	25
3.2 AFKOMUHORFUR ALMANNATRYGGINGA TIL ÁRSLOKA 2000.....	28
<b>4 FJÁRHAGSSTAÐA HEILBRIGÐISSTOFNANA</b> .....	<b>31</b>
<b>5 LÁNSFJÁRMÁL RÍKISSJÓÐS</b> .....	<b>35</b>
5.1 LÁNSFJÁRAFGANGUR RÍKISSJÓÐS .....	35
5.2 LÁNTÖKUR, ENDURLÁN OG RÍKISÁBYRGÐIR.....	37
<b>6 AFKOMUHORFUR RÍKISSJÓÐS TIL ÁRSLOKA 2000</b> .....	<b>39</b>

## Töflur

Tafla 1	Afkoma ríkissjóðs skv. fjárlögum og fjáráukalögum 1999 og 2000..	9
Tafla 2	Tekjur ríkissjóðs skv. fjárlögum og fjáráukalögum 1999 og 2000..	10
Tafla 3	Gjöld ríkissjóðs skv. fjárlögum og fjáráukalögum 1999 og 2000 ...	11
Tafla 4	Tekjur og gjöld ríkissjóðs janúar til maí 1999 og 2000 .....	13
Tafla 5	Tekjur ríkissjóðs janúar til maí 1999 og 2000 .....	14
Tafla 6	Skattar á tekjur og hagnað .....	15
Tafla 7	Virðisaukaskattur .....	16
Tafla 8	Vörugjöld .....	16
Tafla 9	Vörugjöld af bensíni .....	17
Tafla 10	Bifreiðagjöld .....	17
Tafla 11	Vaxtatekjur af skattkröfum.....	18
Tafla 12	Tekjur ríkissjóðs janúar til maí 2000.....	18
Tafla 13	Gjöld ríkissjóðs janúar - maí 1999 og 2000 .....	21
Tafla 14	Launakostnaður ríkissjóðs janúar - maí 1999 og 2000 .....	22
Tafla 15	Rekstraryfirlit ríkissjóðs janúar - maí 2000 .....	23
Tafla 16	Almannatryggingar janúar - maí .....	25
Tafla 17	Lífeyristryggingar janúar - maí .....	26
Tafla 18	Félagsleg aðstoð janúar - maí.....	26
Tafla 19	Sjúkratryggingar janúar - maí .....	27
Tafla 20	Slysatryggingar janúar - maí .....	27
Tafla 21	Útgjöld almannatrygginga .....	28
Tafla 22	Heilbrigðisstofnanir .....	31
Tafla 23	Lánsfjárfgangur ríkissjóðs janúar - maí .....	36
Tafla 24	Lánahreyfingar ríkissjóðs janúar - maí .....	37
Tafla 25	Lántökur og endurlán ríkissjóðs .....	38
Tafla 26	Heildarlánsfjárförf ríkissjóðs, áætlun janúar til desember 2000 ....	40

## Inngangur

Í þessari skýrslu um framkvæmd fjárlaga er gerð grein fyrir fjárhagsstöðu ríkissjóðs eftir fyrstu fimm mánuði ársins 2000. Tekjur og gjöld ríkissjóðs eru borin saman við útkomu á sama tímabili árið á undan og helstu breytingar skýrðar. Þá eru tekjur og gjöld borin saman við fjárheimildir að því marki sem slíkt er mögulegt, fjallað sérstaklega um útgjöld vegna almannatrygginga og fjárhagsstöðu heilbrigðisstofnana og vikið í stuttu máli að lánsfjármálum ríkissjóðs. Loks er lagt mat á áætlaða rekstrarafkomu ríkissjóðs í árslok.

Sem kunnugt er hefur lengi tíðkast að ríkisreikningur væri settur fram að svokölluðum rekstrargrunni, en í því felst að fjárhagsleg viðskipti eru bókuð til tekna eða gjalda á það tímabil þegar til þeirra er stofnað, en ekki tímabilið þegar greiðsla á sér stað. Dæmi um þetta er að óinnheimtir skattar eru færðir til tekna og þá jafnframt sem útistandandi krafa. Ógreidd gjöld eins og lífeyris-skuldbindingar og áfallnir vextir eru sömuleiðis gjaldfærð enda þótt greiðsla hafi ekki átt sér stað. Fjárlög ríkisins hafa hins vegar lengstum verið sett fram á greiðslugrunni og því ekki verið samanburðarhæf við ríkisreikning. Til að ráða bót á þessu var ákveðið að fjárlög yrðu einnig sett fram á rekstrargrunni ólíkt því sem áður var og tók hún gildi við gerð fjárlaga fyrir árið 1998. Fjárlög eru þar af leiðandi orðin samanburðarhæf við ríkisreikning. Hins vegar eru ákveðnir annmarkar á að bera fjárlög og fjárheimildir saman við greiðsluyfirlit ríkissjóðs innan ársins. Milliuppgjör eru ekki samin fyrir ríkissjóðs og því næst ekki fyllilega raunhæfur samanburður rekstrar við fjárlög innan ársins. Þetta er sérstaklega bagalegt þegar í hlut eiga stórir aðilar með sjálfstæðan fjárhag og má þar nefna Tryggingastofnun ríkisins, Landsspítalann og endurlán ríkissjóðs. Af þessari ástæðu er í skýrslunni tiltölulega lítið lagt upp úr samanburði á fjárheimildum og útkomu tekna- og gjaldaliða innan ársins.

Vakin er athygli á að fjárheimildir vegna ársins 1999 hafa ennþá ekki verið fluttar yfir á þetta ár. Þá er jafnframt rétt að vekja athygli á að frumvarp til lokafjárlaga vegna 1998 hefur verið lagt fram á Alþingi en ekki verið afgreitt.

## Helstu niðurstöður

Ríkisendurskoðun hefur tekið saman skýrslu um framkvæmd fjárlaga fyrir tímabilið janúar til maí 2000. Í henni eru tekjur og gjöld ríkissjóðs á þessu tímabili borin saman við útkomu á sama tíma í fyrra og við fjárheimildir að því marki sem slíkt er mögulegt. Í skýrslunni er m.a. gerð grein fyrir útgjöldum vegna almannatrygginga, fjárhagsstöðu heilbrigðisstofnana og lánsfjármálum ríkissjóðs. Loks er í henni lagt mat á áætlaða rekstrarafkomu ríkissjóðs í árslok 2000.

Fjárlög fyrir árið 2000 gera ráð fyrir að skila ríkissjóði með liðlega 16,7 ma.kr. afgangi í lok árs, en það svarar til 8,0% af tekjum. Þetta er um 1,5 ma.kr. betri afkoma en samkvæmt fjárlögum og fjáraukalögum fyrir 1999.

Tekjur ríkissjóðs fyrstu fimm mánuði ársins 2000 námu samtals 81,0 ma.kr. og höfðu hækkað um 8,1 ma.kr. eða 11,2% frá sama tímabili fyrra árs. Gjöld ríkissjóðs námu hins vegar 74,5 ma.kr. og höfðu hækkað um 5,9 ma.kr. eða 8,6%. Tekjujöfnuður ríkissjóðs í maílok 2000 var 6,5 ma.kr. en var 4,3 ma.kr. á sama tíma 1999. Afkomubati ríkissjóðs var þannig liðlega 2,2 ma.kr.

Aukning tekna er einkum vegna tekjuskatts einstaklinga, fjármagnstekjuskatts og virðisaukaskatts, en hækkun þeirra nam alls um 6,3 ma.kr. Innheimtar ríkissjóðstekjur fyrstu fimm mánuðina í ár eru 6,6 ma.kr. eða 8,9% hærrí en áætlað var í fjárlögum. Stærstu frávikin eru í tekjuskatti einstaklinga, 2,3 ma.kr., virðisaukaskatti, 1,3 ma.kr. og skatti af fjármagnstekjum, 0,8 ma.kr.

Útgjöld ríkissjóðs hækkuðu samtals um 5,9 ma.kr. á milli áranna 1999 og 2000. Hækkun annarra gjalda en vaxtagjalda nam tæpum 4,3 ma.kr. eða 6,9%. Launakostnaður hækkaði um 8% á milli áranna, sem er nánast sama hækkun og hækkun launagreiðslna skv. staðgreiðslukerfi Ríkisskattstjóra.

Útgjöld ríkissjóðs fyrstu fimm mánuði ársins voru tæplega 1,1 ma.kr. eða 1,4% hærri en áætlun fjárlaga vegna sama tímabils. Að stærstum hluta stafar frávikið af vaxtagjöldum, en að þeim slepptum voru útgjöld 809 m.kr. innan áætlunar eða 1,2%.

Greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins vegna almannatrygginga námu 13,9 ma.kr. á fyrstu fimm mánuðum ársins 2000 samanborið við 12,6 ma.kr. á sama tímabili fyrra árs, sem er hækkun um 10,7%. Niðurstaða reikninga fyrstu fimm mánuði þessa árs og áætlun um afkomu það sem eftir er ársins 2000 gefur til kynna að útgjöld almannatrygginga geti í árslok, án frekari aðgerða, orðið um 1,0 ma.kr. hærri en fjárlög og að teknu tilliti til ónotaðra fjárveitinga í árslok 1999. Skýrist þetta einkum af tvennu. Annars vegar er ekki ráðgert að ná fram nema helmingi áformaðs sparnaðar í lyfjakostnaði og hins vegar hafa greiðslur til sérfræðilækna hækkað m.a. vegna minni afkasta innan heilsugæslunnar og flutnings aðgerða frá sjúkrahúsunum til læknastofa utan þeirra.

Að öllu óbreyttu gerir Ríkisendurskoðun ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs geti batnað um 3,5 ma.kr. á árinu og að tekjujöfnuður í árslok 2000 verði því um 20,2 ma.kr. Gert er ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs hækki innan við 1% frá fjárlögum eða um 1,5 ma.kr., einkum vegna meiri útgjalda almannatrygginga og vaxtakostnaður. Á móti kemur að búist er við að tekjur ríkissjóðs hækki um 2,5% frá áætluðum fjárlögum eða um 5,0 ma.kr. m.a. vegna tekjuskatts einstaklinga og virðisaukaskatts.

Ríkisendurskoðun gerir ráð fyrir verulegri breytingu á einstaka liðum fjármagnshreyfinga ríkissjóðs á árinu. Fyrir liggur að í lok maí í ár höfðu verið teknar ákvarðanir sem breyta áætlun fjárlaga verulega. Áætlað er nú að heildarlánsfjárpörf ríkissjóðs verði 10,1 ma.kr. umfram áætlun fjárlaga eða alls 16,6 ma.kr.

Til að mæta aukinni fjárpörf hefur ríkissjóður nú þegar tekið erlend lán til langs tíma að fjárhæð 14,4 ma.kr. og innanlands um 2,0 ma.kr. eða samtals 16,4 ma.kr. Til samanburðar gerðu fjárlög 2000 ráð fyrir lántökum að fjárhæð 5,0 ma.kr. Lántökur til lengri tíma eru þannig þegar orðnar 11,4 ma.kr. hærri en áætlað var á árinu í heild.



# 1 Fjárlög árið 2000

Fjárlög fyrir árið 2000 gera ráð fyrir að skila ríkissjóði með liðlega 16,7 ma.kr. afgangi í lok árs, en það svarar til 8,0% af tekjum. Þetta er um 1,5 ma.kr. betri afkoma en samkvæmt fjárlögum og fjáráukalögum fyrir 1999, því samkvæmt þeim nam jákvæð afkoma ríkissjóðs 15,3 ma.kr. eða 7,4% af tekjum.

Í fjárlögum fyrir árið 2000 er áætlað að tekjur ríkissjóðs nemi samtals 209,9 ma.kr. á árinu og að þær vaxi þannig um 1% frá 1999. Áætlað er að gjöld vaxi lítillega á milli ára, um 0,3%, og verði 193,2 ma.kr.

Ýmsir liðir fjárlaga, ekki hvað síst á tekjuhlíð, ráðast mjög af almennu efnahagsástandi í landinu. Fjárlög árið 2000 bera þannig með sér að spáð er ákveðnu jafnvægi í efnahagslífinu sem m.a. lýsir sér í minni hagvexti en verið hefur á undanförunum árum. Jafnframt má segja að við gerð fjárlaga að þessu sinni hafi fjárlagagrunnurinn verið „leiðréttur“ í veigamiklum málaflokkum til samræmis við raunveruleg útgjöld ríkissjóðs. Á haustmánuðum í fyrra afgreiddi Alþingi fjáráukalög sem hækkuðu tekjuhlíð fjárlaga um 12,5% og útgjöldin um 5,6%. Stefna stjórnvalda er að til slíkra aðgerða þurfi ekki að koma í ár. Mikil tekjuaukning náði meira en að vega á móti útgjaldaaukningu sem varð á síðasta ári.

Tafla 1 Afkoma ríkissjóðs skv. fjárlögum og fjáráukalögum 1999 og 2000

Í m.kr.	Fjárlög 1999	Fjáráuka- lög 1999	Samtals	Fjárlög 2000	Breyt.	%
Tekjur	184.817	23.043	207.860	209.900	2.040	1,0
Gjöld	182.376	10.164	192.540	193.159	619	0,3
Afkoma	2.441	12.879	15.320	16.741	1.421	9,3

Skýring: Fjárhæðir á rekstrargrunni

Í frumvarpi til fjárlaga árið 2000 kemur m.a. fram að minni hagvöxtur á árinu valdi því að vænta megi minni tekjuauka

ríkissjóðs en undanfarin ár. Gert var ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs lækki á árinu sem hlutfall af landsframléiðslu úr 29,2% í 27,7%. Eitt af markmiðum fjárlaga er að halda aftur af ríkisútgjöldum til að tryggja góða afkomu ríkissjóðs og skapa svigrúm til að greiða niður skuldir. Fjárlög eru sett fram á áætluðu meðalverðlagi árið 2000. Í forsendum þeirra er gert ráð fyrir 3% hækkun á almennu verðlagi frá árinu 1999, 3% hækkun launa í ársbyrjun 2000 auk þess sem sérstökum fjárlagalið vegna launa- og verðlagsmála er ætlað að standa undir allt að 1% frekari hækkun launa og verðlags á árinu.

Tafla 2 sýnir nánar tekjubreytingar sem áætlað er að verði á árinu 2000 miðað við árið á undan. Í skýringum með fjárlögum kemur fram að helstu efnahagsforsendur að baki tekjuáætluninni séu að einkaneysla aukist um 3%, fjárfesting um 2,7% og að vísitala neysluverðs hækki um 4,5%.

Tafla 2 Tekjur ríkissjóðs skv. fjárlögum og fjáraukalögum 1999 og 2000

Í m.kr.	Fjárlög 1999	Fjárauka- lög 1999	Samtals	Fjárlög 2000	Breyt.	%
Skattar á tekjur og hagnað	42.833	8.165	50.998	52.366	1.368	2,7
Tryggingagjöld	16.983	278	17.261	18.221	960	5,6
Skattar á launagreiðslur	117	0	117	141	24	20,5
Eignarskattar	8.367	399	8.766	9.320	554	6,3
Skattar á vörur og þjónustu	97.345	5.845	103.190	108.757	5.568	5,4
Aðrir skattar	350	30	380	395	15	3,9
Skatttekjur alls	165.995	14.717	180.712	189.200	8.489	4,7
Arðgreiðslur og leigutekjur	9.958	932	10.890	10.970	80	0,7
Ýmsar tekjur	3.736	153	3.889	3.979	90	2,3
Sektir	505	(15)	490	528	38	7,8
Aðrar eigna- og aukatekjur	130	7	137	161	24	17,3
Aðrar rekstrartekjur alls	14.329	1.077	15.406	15.638	232	1,5
Sala eigna	3.716	7.250	10.966	4.216	(6.750)	(61,6)
Fjármagnstilfærslur	50	0	50	50	0	0,0
Fjárframlög	728	(1)	727	796	69	9,5
Tekjur alls	184.817	23.043	207.860	209.900	2.040	1,0

Skýring: Fjárhæðir á rekstrargrunni

Í frumvarpi til fjárlaga var gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs á rekstrargrunni yrðu um 205,0 ma.kr. á árinu 2000, en 196,8 ma.kr. ef miðað er við greiðslugrunn. Sambærilegar tölur fyrir árið 1999 voru 213,2 ma.kr. og 194,2 ma.kr.

Eftir að frumvarpið var lagt fram var tekjuáætlun þess hækkuð um 4,9 ma.kr. á rekstrargrunni, en um 4,0 ma.kr. á greiðslugrunni.

Helstu ástæður þessa voru breytingar á tekjugrunni í ljósi innheimtuþróunar síðustu mánuði ársins 1999 og breytingar á þjóðhagsforsendum. Fjárlögin fyrir árið 2000 gera ráð fyrir að einkaneysla aukist um 3% (var 2,5% skv. frumvarpi), fjárfesting aukist um 2,7% (2,1% skv. frumvarpi) og neysliverð hækki um 4,5% (3,5-4% skv. frumvarpi). Kaupmáttur ráðstöfunartekna er hins vegar talinn aukast svipað og gert var ráð fyrir í frumvarpinu.

Að stærstum hluta koma þessar breytinga fram á veltusköttum, en tekjur af virðisaukaskatti aukast um 2,8 ma.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í frumvarpi, tekjuskattur lögaðila hækkaði um 590 m.kr. og sala eigna er talinn skila 450 m.kr. hærri tekjum en gert var ráð fyrir í frumvarpi.

Í töflu 3 eru sýndar fjárveitingar skv. fjárlögum 2000, skipt eftir ráðuneytum ásamt breytingum frá fjárlögum og fjáraukalögum 1999. Hér á eftir eru stuttlega raktar helstu breytingar á fjárveitingum til hvers ráðuneytis en nánari upplýsingar er að finna í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga árið 2000 og í skýringum sem fylgdu fjárlögum 2000.

Tafla 3 Gjöld ríkissjóðs skv. fjárlögum og fjáraukalögum 1999 og 2000

Í m.kr.	Fjárlög 1999	Fjárauka- lög 1999	Samtals	Fjárlög 2000	Breyt.	%
Æðsta stjórn ríkisins	1.665	186	1.851	1.997	145	7,9
Forsætisráðuneyti	1.340	368	1.708	1.223	(485)	(28,4)
Menntamálaráðuneyti	19.918	1.007	20.925	21.699	774	3,7
Utanríkisráðuneyti	3.185	244	3.429	3.778	349	10,2
Landbúnaðarráðuneyti	8.668	323	8.991	8.971	(20)	(0,2)
Sjávarútvegsláðuneyti	2.468	24	2.492	2.453	(39)	(1,6)
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	9.917	637	10.554	10.892	337	3,2
Félagsmálaráðuneyti	10.800	393	11.193	11.202	9	0,1
Heilbrigðis- og tryggingam.r.	66.326	6.781	73.107	73.667	560	0,8
Fjármálaráðuneyti	25.558	(310)	25.247	24.533	(714)	(2,8)
Samgönguráðuneyti	11.614	712	12.326	12.513	188	1,5
Iðnaðarráðuneyti	1.621	102	1.723	2.466	743	43,1
Viðskiptaráðuneyti	1.276	26	1.302	1.260	(42)	(3,2)
Hagstofa Íslands	287	0	287	337	49	17,2
Umhverfisláðuneyti	2.731	94	2.824	2.768	(57)	(2,0)
Vaxtagjöld ríkissjóðs	15.000	(420)	14.580	13.400	(1.180)	(8,1)
Gjöld alls	182.376	10.164	192.540	193.159	619	0,3

Skýring: Fjárhæðir á rekstrargrunni

Hækkun fjárveitinga vegna æðstu stjórnar ríkisins er m.a. vegna úrskurðar kjaradóms frá maí í fyrra um laun alþingismanna og hæstaréttardómara. Hjá forsætisráðuneyti skýrist lækkun

fjárveitinga af flutningi Byggðastofnunar og styrkja til byggðarmála til iðnaðarráðuneytis. Hækkun hjá menntamálaráðuneytis skýrist af mestu af verðlagsbreytingum.

Hjá utanríkisráðuneyti hækkar fjárveiting m.a. vegna þátttöku Íslendinga í heimssýningunni í Hannover í Þýskalandi, aukinna útgjalda vegna sendiráða og fastanefnda, t.d. vegna sendiráðsins í Berlín, framlags í þróunarsjóð EFTA og til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, og til að mæta auknum umsvifum vegna löggæslu á Keflavíkurflugvelli. Framlög til landbúnaðarmála lækka lítillega á milli ára, svo og útgjöld vegna sjávarútvegsmála m.a. vegna lækkandi tekna af aflamarki en þær renna til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins.

Fjárveitingar til dóms- og kirkjumálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis hækka hlutfallslega ekki mikið á milli ára. Ber þá að hafa í huga að stofnanir síðastnefnda ráðuneytisins fengu verulegar hækkunir á fjárveitingum með aukafjárlögum vegna ársins 1999.

Ýmsar breytingar urðu á fjárveitingum vegna stofnana og fjárlagaliða fjármálaráðuneytis bæði til hækkunar og lækkunar, en í heild dragast fjárveitingar á árinu 2000 saman miðað við samþykktar fjárheimildir árið á undan. Fjárveitingar til samgöngumála breytast tiltölulega lítið á milli ára en framlög til iðnarráðuneytis hækka hlutfallslega mikið einkum vegna þess að framlög til Byggðastofnunar og til ýmissa byggðamála eru nú færð undir það ráðuneyti.

Fjárheimildir viðskiptaráðuneytis lækka nokkuð milli ára sem og hjá umhverfisráðuneyti. Nokkur hækkun verður á fjárheimildum Hagstofunnar til að mæta kostnaði vegna aukinna verkefna.

Loks er þess að geta að gert er ráð fyrir að vaxtagjöld ríkissjóðs lækki talsvert milli ára. Við mat á þeim er gengið út frá að vaxtastig á innlendum fjármagnsmarkaði hækki á árinu 2000 sem hafi áhrif á vaxtagjöld vegna ríkisvixla. Á móti vegur að gert er ráð fyrir minni fjármögnun með erlendum veltilánum og að vaxtastig slíkra lána fari lækkandi. Ekki er gert ráð fyrir að gengisbreytingar hafi áhrif þegar á heildina er lítið. Lækkun vaxtagjalda stafar þannig einkum að forinnlausn spariskírteina og annarra ríkisverðbréfa á árinu.

## 2 Tekjur og gjöld ríkissjóðs

### 2.1 Afkoma ríkissjóðs

Tekjur ríkissjóðs fyrstu fimm mánuði ársins 2000 námu samtals 81,0 ma.kr. og höfðu hækkað um 8,1 ma.kr. eða 11,2% frá sama tímabili fyrra árs. Gjöld ríkissjóðs námu hins vegar 74,5 ma.kr. og höfðu hækkað um 5,9 ma.kr. eða 8,6%. Tekjujöfnuður ríkissjóðs í maílok 2000 var 6,5 ma.kr. en var 4,3 ma.kr. á sama tíma 1999. Afkomubati ríkissjóðs var þannig liðlega 2,2 ma.kr.

Tafla 4 Tekjur og gjöld ríkissjóðs janúar til maí 1999 og 2000

Í m.kr.	Útkoma 2000	Útkoma 1999	Breyting	%
Tekjur	81.014	72.865	8.149	11,2
Gjöld	74.492	68.562	5.930	8,6
Tekjujöfnuður	6.522	4.303	2.219	51,6

Aukning tekna er einkum vegna tekjuskatts einstaklinga, fjármagnstekjuskatts og virðisaukaskatts. Á gjaldahlið hækka útgjöld á árinu 2000 m.a. vegna vaxtagjalda sem voru um 1,7 ma.kr. hærri en árið á undan.

### 2.2 Samanburður tekna við fyrra ár

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrstu fimm mánuðum ársins 2000 jukust um 8,1 ma.kr. miðað við sama tímabil á árinu 1999. Aukningin kemur aðallega fram í tekjuskatti einstaklinga, fjármagnstekjuskatti og virðisaukaskatti, en hækkun á þessum liðum nemur alls um 6,3 ma.kr.

Tafla 5 Tekjur ríkissjóðs janúar til maí 1999 og 2000

Í m.kr.	2000	1999	Breyting	%
Tekjuskattur, einstaklingar	17.373	15.122	2.251	14,9
Tekjuskattur, lögaðilar	3.078	2.371	707	29,8
Skattur á fjármagnstekjur	3.801	2.430	1.371	56,4
Skattar á tekjur og hagnað alls	24.252	19.923	4.329	21,7
Tryggingagjald	7.700	7.175	525	7,3
Eignarskattar	1.966	1.618	348	21,5
Stimpilgjald	1.258	1.160	98	8,4
Aðrir eignarskattar	520	538	(18)	(3,3)
Eignarskattar alls	3.744	3.316	428	12,9
Virðisaukaskattur	25.146	22.535	2.611	11,6
Vörugjöld	6.854	6.753	101	1,5
ÁTVR, áfengisgjald ofl.	3.375	3.187	188	5,9
Bifreiðagjöld	2.965	2.604	361	13,9
Tollar og aðflutningsgjöld	975	905	70	7,7
Aðrir skattar	895	876	19	2,2
Skattar á vöru og þjónustu alls	40.210	36.860	3.350	9,1
Skatttekjur alls	75.906	67.274	8.632	12,8
Arðgreiðslur	127	446	(319)	(71,5)
Vaxtatekjur af skatttekjum	781	592	189	31,9
Vaxtatekjur af lánum	2.203	2.070	133	6,4
Fjármagnstekjur alls	3.111	3.108	3	0,1
Sértæk leyfisgjöld A- og B-hluta	1.206	1.422	(216)	(15,2)
Ýmsar rekstrartekjur	484	425	59	13,9
Ýmsar aðrar rekstrartekjur alls	1.690	1.847	(157)	(8,5)
Aðrar rekstrartekjur	4.801	4.955	(154)	(3,1)
Tekjur af sölu eigna	347	424	(77)	
Fjárframlög	(40)	212	(252)	(118,9)
Ríkissjóðstekjur alls	81.014	72.865	8.149	11,2

### Skattar á tekjur og hagnað

Innheimtir tekjuskattar fyrstu fimm mánuði ársins 2000 námu alls 24,3 ma.kr. og höfðu aukist um 4,3 ma.kr. eða 21,6% miðað við sama tímabil í fyrra. Að stærstum hluta má rekja þessa aukningu til tekjuskatts einstaklinga sem jókst um 2,3 ma.kr. á milli ára og fjármagnstekjuskatts sem jókst um 1,3 ma.kr.

Tafla 6 Skattar á tekjur og hagnað

Í m.kr.	2000	1999	Breyting	%
Staðgreiðsla vegna þessa árs	34.214	30.137	4.077	13,5
Hluti sveitarfélaga í staðgr. þessa árs	(17.471)	(15.567)	(1.904)	12,2
	16.743	14.570	2.173	14,9
Aðrir tekjuskattar	631	553	79	17,4
Tekjuskattur, einstaklingar	17.374	15.123	2.252	17,4
Tekjuskattur, lögaðilar	3.078	2.371	707	29,8
Fjármagnstekjuskattur	3.800	2.429	1.347	55,4
Skattar á tekjur og hagnað	24.252	19.923	4.305	21,6

Upplýsingar úr staðgreiðslukerfi Ríkisskattstjóra gefa til kynna að launagreiðslur hafi hækkað um 10,1% á tímabilinu desember 1999 til apríl 2000. Innheimt staðgreiðsla hækkaði hins vegar um 13,5% á sama tíma. Skatthlutfall í staðgreiðslu á árinu 2000 hækkaði lítillega frá árinu 1999 eða úr 38,34% í 38,37%. Persónuafsláttur hækkaði úr 23,329 kr. á mánuði í 24.510 kr. á mánuði eða um 5,1%. Persónuafslátturinn hefur því ekki fylgt launapróuninni, sem þýðir að tekjur ríkissjóðs af staðgreiðslunni aukast hlutfallslega meira en nemur launapróun á hverjum tíma.

Tekjur af fjármagnstekjuskatti hækkuðu mikið á milli ára. Staðgreiddur fjármagnstekjuskattur af vöxtum hækkaði um rúman milljarð og nam 2,6 ma.kr. í lok maí 2000. Staðgreiddur fjármagnstekjuskattur af arði tæplega tvöfaldaðist á milli ára og nam 1,0 ma.kr. í lok maí 2000.

### Eignarskattar

Innheimta eignarskatta fyrstu fimm mánuði ársins 2000 nam tæpum 2,0 ma.kr. og hafði hækkað um 348 m.kr. frá sama tímabili árið 1999 eða um 21,5%. Hækkunina má nær alfarið rekja til eignarskatta lögaðila sem eru 256 m.kr. hærri nú en í fyrra og nemur aukningin 35,3%. Þessi aukning endurspeglar bættu afkomu fyrirtækja og aukna fjármunamyndun í kjölfarið.

## Virðisaukaskattur

Innheimtur virðisaukaskattur janúar til maí 2000 nam alls 25,1 ma.kr. sem er 2,6 ma.kr. hærri fjárhæð en innheimtist á sömu mánuðum ársins 1999 og nemur aukningin 11,6%

Tafla 7 Virðisaukaskattur

Í m.kr.	2000	1999	Breyting	%
Virðisaukaskattur af innflutningi	18.196	16.905	1.292	7,6
Virðisaukaskattur af veltu innanlands	8.690	7.066	1.625	23,0
	26.887	23.970	2.916	12,2
Endurgreiddur virðisaukaskattur	(1.741)	(1.435)	(305)	21,3
	25.146	22.535	2.611	11,6

Hækkunina má fyrst og fremst rekja til veltu í nóvember og desember 1999 en hún jókst um 24,7% eða um 722 m.kr. miðað við sömu mánuði 1998 og eru þá endurgreiðslur meðtaldar. Veltu fyrstu mánuði ársins 2000 jókst um 16,9% frá fyrra ári eða um 566 m. kr.

## Vörugjöld

Innheimtar tekjur af vörugjöldum jukust aðeins aukist um 100 m.kr. eða 1,5% fyrstu fimm mánuði ársins 2000 miðað við sömu mánuði ársins 1999. Tekjur af almennum vörugjöldum og vörugjöldum af ökutækjum drógust saman um 430 m.kr. en tekjur af vörugjöldum af bensíni jukust um 590 m.kr.

Tafla 8 Vörugjöld

Í m.kr.	2000	1999	Breyting	%
Almennt vörugjald	1.041	1.202	(160)	(13,4)
Vörugjald af ökutækjum	2.102	2.371	(270)	(11,4)
Vörugjald af bensíni	3.178	2.587	590	22,8
Önnur vörugjöld	533	593	(60)	(10,1)
Samtals vörugjöld	6.854	6.753	100	1,5

Tekjur af vörugjaldi af bensíni fyrstu fimm mánuði ársins jukust umtalsvert á milli ára. Sú hækkun stafar af sveiflum í innflutningi á milli mánaða því þegar tekið er tillit til viðskiptareikninga olíufélaganna vegna greiðslufrests við innflutning kemur í ljóst að innheimtan hefur í reynd dregist saman um 2,1%.



Tafla 9 Vörugjöld af bensíni

Í m. kr.	2000	1999	Breyt.	%
Sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni	2.125	2.057	68	3,3
Vörugjald af bensíni, almennt (97%)	1.052	530	522	98,6
	3.178	2.587	590	22,8
Viðskiptareikningur 31/12	226	130	96	74,0
Viðskiptareikningur 31/05	1.129	393	736	187,2
	(903)	(263)	832	(316,3)
	2.275	2.324	(49)	(2,1)

Breyting var gerð á almenna vörugjaldinu á síðasta ári en með lögum nr. 86/1999, sem tóku gildi 21. október 1999, var gjaldtökunni breytt þannig að í stað þess að leggja á 97% vörugjald er nú lögð á föst krónutala, 10,50 kr. á hvern lítra. Var þetta gert til að draga úr sveiflum sem breytingar á heimsmarkaðsverði á bensíni hafa haft á útsöluverð.

Vörugjöld af ökutækjum drógust lítillega saman á milli ára en fyrstu fimm mánuði ársins 2000 dróst verðmæti innfluttra fólksbíla saman um 5,5% miðað við fast gengi.

### Bifreiðagjöld

Tekjur af bifreiðagjöldum námu í lok maí tæpum 3,0 ma.kr. og hækkuðu um 361 m.kr. frá sama tíma 1999 eða um 13,8%. Um 75% hækkunarinnar má rekja til þungaskatts.

Tafla 10 Bifreiðagjöld

Í m.kr.	2000	1999	Breyt.	%
Bifreiðagjald	1.200	1.111	89	8,0
Þungaskattur af díselbifr. skv. ökumælum	717	614	103	16,8
Þungaskattur, fast árgjald	1.048	879	169	19,2
	2.965	2.604	361	13,8

Hækkun þungaskatts skýrist m.a. af breyttri samsetningu bifreiðainnflutnings en á seinustu misserum hefur innflutningur díselbifreiða aukist á kostnað bensínbifreiða.

## Vaxtatekjur af skattkröfum

Vaxtatekjur af skattkröfum hækkuðu um tæplega þriðjung á milla áráanna 1999 og 2000 eða um 189 m.kr. Hlutfallslega er aukningin mest í þungaskatti. Auknar vaxtatekjur af skattkröfum endurspeglu bættu innheimtu.

Tafla 11 Vaxtatekjur af skattkröfum

Í m.kr.	2000	1999	Breyting	%
Virðisaukaskattur	298	228	71	31,0
Þinggjöld einstaklinga	120	92	28	30,4
Þinggjöld lögaðila	51	37	14	37,7
Þungaskattur skv. ökum.	38	11	27	240,4
Staðgreiðsla	75	61	14	23,6
Aðrir dráttarvextir	198	163	35	21,3
	781	592	189	31,9

## Arðgreiðslur

Arðgreiðslur voru mun lægri fyrstu fimm mánuði ársins 2000 en á sama tímabili í fyrra. Þetta skýrist fyrst og fremst af arðgreiðslu frá Fjárfestingabanka atvinnulífsins hf. á árinu 1999 að fjárhæð rúmar 277 m.kr., en bankinn er ekki lengur í eigu ríkisins. Þá drógust arðgreiðslur Íslenskra aðalverktaka hf. verulega saman á milli ára. Arðgreiðsla fyrirtækisins á árinu 1999 nam 50 m.kr. en í ár nemur hún 2,2 m.kr.

## 2.3 Samanburður tekna við áætlun

Innheimtar ríkissjóðstekjur janúar til maí 2000 námu alls 81,0 ma.kr. sem er 6,6 ma.kr. hærri fjárhæð en áætlað var og nemur frávikið 8,9%. Stærstu frávikin eru í tekjuskatti einstaklinga 2,3 ma.kr., virðisaukaskatti 1,3 ma.kr. og skatti af fjármagnstekjum 0,8 ma.kr.

Tafla 12 Tekjur ríkissjóðs janúar til maí 2000

Í m.kr.	Útkoma 2000	Áætlun 2000	Frávik	%
Tekjuskattur, einstaklingar	17.373	15.094	2.279	15,1
Tekjuskattur, lögaðilar	3.078	2.740	338	12,3

Skattur á fjármagnstekjur	3.801	3.015	786	26,1
Skattar á tekjur og hagnað alls	24.252	20.849	3.403	16,3
Tryggingagjald	7.700	7.358	342	4,6
Eignarskattar	1.966	1.811	155	8,6
Stimpilgjald	1.258	1.246	12	1,0
Aðrir eignarskattar	520	467	53	11,3
Eignarskattar alls	3.744	3.524	220	6,2
Virðisaukaskattur	25.146	23.805	1.341	5,6
Vörugjöld	6.854	7.002	(148)	(2,1)
ÁTVR, áfengisgjald ofl.	3.375	3.230	145	4,5
Bifreiðagjöld	2.965	2.603	362	13,9
Tollar og aðflutningsgjöld	975	939	36	3,8
Aðrir skattar	895	443	452	102,0
Skattar á vöru og þjónustu alls	40.210	38.022	2.188	5,8
Skatttekjur alls	75.906	69.753	6.153	8,8
Arðgreiðslur	127	353	(226)	(64,0)
Vaxtatekjur af skatttekjum	781	703	78	11,1
Vaxtatekjur af lánum	2.203	2.083	120	5,8
Fjármagnstekjur alls	3.111	3.139	(28)	(0,9)
Sértæk leyfisgjöld A- og B-hluta	1.206	851	355	41,7
Ýmsar rekstrartekjur	484	434	50	11,5
Ýmsar aðrar rekstrartekjur	1.690	1.285	405	31,5
Aðrar rekstrartekjur	4.801	4.424	377	8,5
Tekjur af sölu eigna	347	0	347	
Fjárframlög	(40)	249	(289)	(116,1)
Ríkissjóðstekjur alls	81.014	74.426	6.588	8,9

## Skattar á tekjur og hagnað

Skattar á tekjur og hagnað urðu 3,4 ma.kr. hærrí en áætlað var og má aukninguna fyrst og fremst rekja til tekjuskatts einstaklinga. Innheimt staðgreiðsla fyrstu fimm mánuði ársins nam 16,7 ma.kr. og er þannig 1,9 ma.kr. umfram áætlun fjárlaga og nemur frávikið 12,8%. Í fjárlögum var gert ráð fyrir að laun hækkuðu að meðaltali um 4-5% á milli áráanna 1999 og 2000. Upplýsingar úr staðgreiðslukerfi Ríkisskattstjóra benda hins vegar til þess að laun á almennum vinnumarkaði hækki verulega umfram forsendur fjárlaga. Greidd laun á fyrstu fimm mánuðum ársins hækkuðu um 8,1% miðað við sama tímabil á árinu 1999. Á greiðslugrunni (desember-apríl) nemur hækkunin hins vegar 10,1%.

Staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts nam 3,6 ma.kr. fyrstu fimm mánuði ársins 2000 sem er 786 m.kr. hærrí fjárhæð en gert var ráð fyrir í áætlun og nemur frávikíð 26,1%. Töluverð óvissa ríkir um innheimtu á fjármagnstekjuskatti og því erfitt að spá fyrir um fjárhæð skattsins. Á undanföörnum árum hefur innheimta ávallt verið umfram áætlun. Vakin er athygli á því að sá hluti fjármagnstekjuskatts sem greiddur er af lögaðilum er í raun fyrirframgreiðsla tekjuskatts. Að mati Ríkisendurskoðunar er því æskilegt að í skilagreinum þeirra aðila sem standa skil á fjármagnstekjuskatti verði greint á milli einstaklinga og lögaðila.

### Virðisaukaskattur

Innheimtur virðisaukaskattur nam 25,1 ma.kr. sem er 1,3 ma.kr. hærrí fjárhæð en áætlað var og nemur frávikíð 5,6%. Í fjárlögum var gert ráð fyrir að álagningarstofn virðisaukaskatts ykist um 5,5% á milli ára. Sú ætlun virðist ætla að ganga eftir. Áætlun fjárlaga er ekki skipt á milli innflutnings, veltu innanlands og endurgreiðslna eins og æskilegt væri því oft gefur þessi sundurliðun góða vísbendingu um innheimtuþróun skattsins. Því er ekki hægt að greina frávik frá áætlun nema miðað við heildaráætlun.

### Aðrar tekjur

Önnur helstu frávik frá áætlun eru í sölu eigna, en í lok maí nam eignasalan 323 m.kr. en ekki var gert ráð fyrir eignasölu fyrstu fimm mánuðina. Arðgreiðslur voru 225 m.kr. lægri en áætlað var og munar þar mestu að gert var ráð fyrir 229 m.kr. arðgreiðslu frá Landssíma Íslands hf. á þessu tímabili.

## 2.4 Samanburður gjalda við fyrra ár

Eins og vikið er að í inngangi skýrslunnar er ýmsum vandkvæðum háð að fylgjast með fjárhagsstöðu ríkissjóðs innan hvers árs þar sem upplýsingar um raunverulega fjárhagsstöðu ýmissa stofnana og fjárlagaliða liggja ekki fyrir fyrr en við uppgjör á ríkisreikningi eftir áramót. Í neðangreint gjaldyfirlit ríkissjóðs fyrir janúar til maí 1999 og 2000 vantar þannig að taka fullt tillit til gjalda stofnana sem hafa sjálfstæðan fjárhag. Á þeim annmarka verður ekki ráðin full bót fyrr en ráðist verður í að semja milliuppgjör fyrir ríkissjóð. Samanburður á gjöldum eins og fram kemur hér að neðan ætti samt sem áður að gefa ákveðna hugmynd um þróun útgjalda ríkissjóðs á umræddu tímabili.

Tafla 13 Gjöld ríkissjóðs janúar - maí 1999 og 2000

Í m.kr.	2000	1999	Breyting	%
Æðsta stjórn ríkisins	742	627	115	18,4
Forsætisráðuneyti	588	427	162	37,9
Menntamálaráðuneyti	8.951	8.263	689	8,3
Útanríkisráðuneyti	1.742	1.692	50	2,9
Landbúnaðarráðuneyti	4.018	3.897	121	3,1
Sjávarútvegsráðuneyti	977	988	(11)	(1,1)
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	4.437	3.836	601	15,7
Félagsmálaráðuneyti	4.198	4.008	190	4,8
Heilbrigðis- og tryggingamálar.	28.366	27.216	1.150	4,2
Fjármálaráðuneyti	5.563	4.876	687	14,1
Samgönguráðuneyti	3.985	3.695	290	7,9
Iðnaðarráðuneyti	777	751	26	3,5
Viðskiptaráðuneyti	375	342	33	9,8
Hagstofa Íslands	126	118	7	6,1
Umhverfissráðuneyti	1.253	1.112	141	12,7
	66.099	61.847	4.252	6,9
Vaxtagjöld ríkissjóðs	8.393	6.715	1.678	25,0
	74.492	68.562	5.930	8,6

Útgjöld ríkissjóðs hækkuðu samtals um 5,9 ma.kr. á milli janúar til maí 1999 og 2000. Ef vaxtagjöldum er sleppt í þeim samanburði hækkuðu útgjöldin um tæpa 4,3 ma.kr. eða 6,9%.

Í töflu 14 er sýndur launakostnaður ríkissjóðs janúar til maí 1999 og 2000. Í ljósi þess að laun flestra ríkisstarfsmanna eru greidd í gegnum launakerfi ríkisins ætti taflan að endurspegla nokkuð vel hlutfallslega breytingu í þessum kostnaðarlið á milli ára. Undantekning kann að vera hvað varðar laun stofnana sem heyra

undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti en þær annast margar sjálfar sínar launagreiðslur. Til að gefa réttari mynd af launagreiðslum eru sýndar sérstaklega greiðslur ríkissjóðs til lífeyrissjóða sem gjaldfærðar eru á fjárlagalið 09-381.

Launakostnaður hækkaði skv. þessu yfirliti um 8% á milli ára, sem er nánast sama hækkun og hækkun launagreiðslna skv. staðgreiðslukerfi Ríkisskattstjóra. Magnbreyting í fjölda ársverka skýrir væntanlega hluta af þessari breytingu en nákvæm greining á magnbreytingum liggur ennþá ekki fyrir. Til samanburðar hækkaði launavísitala, sem Hagstofa Íslands reiknar út, um 5,1% á sama tímabili.

Tafla 14 Launakostnaður ríkissjóðs janúar - maí 1999 og 2000

Í m.kr.	2000	1999	Breyt.	%
Æðsta stjórn ríkisins	421	364	57	15,6
Forsætisráðuneyti	85	73	12	16,5
Menntamálaráðuneyti	4.015	3.731	284	7,6
Utanríkisráðuneyti	594	476	118	24,7
Landbúnaðarráðuneyti	418	404	14	3,4
Sjávarútvegsráðuneyti	448	419	29	6,9
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	2.276	2.119	157	7,4
Félagsmálaráðuneyti	931	880	51	5,8
Heilbrigðis- og tryggingamálar.	3.987	3.811	176	4,6
Fjármálaráðuneyti	930	778	152	19,5
Samgönguráðuneyti	964	927	37	4,0
Iðnaðarráðuneyti	328	296	31	10,6
Viðskiptaráðuneyti	133	90	43	47,6
Hagstofa Íslands	86	81	5	5,8
Umhverfisráðuneyti	400	384	17	4,3
Launakostn. án lífeyrisgr.	16.015	14.834	1.181	8,0
Lífeyrisgreiðslur	1.107	434	673	154,8
Launakostnaður alls	17.122	15.269	1.854	12,1

## 2.5 Samanburður gjalda við áætlun

Tafla 15 sýnir stöðu hvers ráðuneytis gagnvart áætlunum (fjárheimildum) eftir fyrstu fimm mánuði ársins 2000. Aðeins er um að ræða áætlun skv. fjárlögum, en ekki hefur verið tekið tillit til of- og vannytttra fjárheimilda vegna ársins 1999, sem ekki hafa ennþá verið færðar yfir á árið 2000. Hafa verður í huga þá fyrirvara sem áður er getið varðandi raunverulega rekstrarstöðu margra stofnana auk þess sem útgjöld kunna að hafa fallið til innan ársins með

öðrum hætti en reiknað var með þegar fjárheimildum var dreift á mánuði.

Tafla 15 Rekstraryfirlit ríkissjóðs janúar - maí 2000

Í m.kr.	Rekstur 2000	Áætlun 2000	Frávik	%
Æðsta stjórn ríkisins	742	870	(128)	(17,3)
Forsætisráðuneyti	588	518	71	12,0
Menntamálaráðuneyti	8.951	9.007	(56)	(0,6)
Utanríkisráðuneyti	1.742	1.673	68	3,9
Landbúnaðarráðuneyti	4.018	4.015	4	0,1
Sjávarútvegsráðuneyti	977	972	5	0,5
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	4.437	4.358	79	1,8
Félagsmálaráðuneyti	4.198	4.681	(483)	(11,5)
Heilbrigðis- og tryggingamálar.	28.366	28.387	(21)	(0,1)
Fjármálaráðuneyti	5.563	5.585	(22)	(0,4)
Samgönguráðuneyti	3.985	4.135	(150)	(3,8)
Iðnaðarráðuneyti	777	1.065	(288)	(37,1)
Viðskiptaráðuneyti	375	502	(127)	(33,7)
Hagstofa Íslands	126	126	(0)	(0,2)
Umhverfissráðuneyti	1.253	1.045	207	16,6
	66.939	66.908	(840)	(1,3)
Vaxtagjöld ríkissjóðs	8.393	6.526	1.867	22,2
	73.465	73.433	1.027	1,4

Útgjöld ríkissjóðs fyrstu fimm mánuði ársins voru skv. þessu yfirliti 1.058 m.kr. hærrí en áætlun sama tímabils eða 1,4%. Að stærstum hluta stafar þetta frávik af vaxtagjöldum en að þeim slepptum voru útgjöld 809 m.kr. innan áætlunar eða 1,2%. Útgjöld hjá helmingi ráðuneyta víkja innan við 2% frá áætlun. Útgjöld æðstu stjórnar ríkisins, félagsmálaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og viðskiptaráðuneytis er vel innan áætlunar, en útgjöld forsætisráðuneytis, utanríkisráðuneytis og umhverfissráðuneytis fóru fram úr áætlun.





## 3 Útgjöld almannatrygginga

### 3.1 Samanburður við fyrra ár

Greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins vegna almannatrygginga námu 13,9 ma.kr. á fyrstu fimm mánuðum ársins 2000 samanborið við 12,6 ma.kr. á sama tímabili fyrra árs, sem er hækkun um 10,7%. Hækkun neysliverðsvísitölu nam 5,9% á sama tímabili.

Tafla 16 Almennatryggingar janúar - maí

Í m.kr.	2000	1999	Breyt.	%
Lífeyristryggingar	7.614	7017	597	8,5
Félagsleg aðstoð	2.186	1.979	207	10,5
Sjúkratryggingar	3.889	3.366	523	15,5
Slysatryggingar	232	211	21	10,0
Almannatryggingar alls	13.921	12.573	1.348	10,7

Útgjöld lífeyristrygginga urðu tæpum 600 m.kr. hærri til loka maímánaðar ársins 2000 miðað við sama tíma fyrra árs. Hækkunin nemur 8,5% sem er tæplega hálfu prósentu meira en hækkun launagreiðsla á almennum vinnumarkaði. Hækkun útgjalda vegna félagslegrar aðstoðar var 10,5%. Hækkun útgjalda sjúkratrygginga nam 523 m.kr. eða 15,5% og hækkun á útgjöldum slysatrygginga 21 m.kr. eða 10,0%.

Breytingar á einstökum bótaflokkum lífeyristrygginga voru sem hér segir:

Tafla 17 Lífeyristryggingar janúar - maí

Í m.kr.	2000	1999	Breyt.	%
Lífeyrisgreiðslur	4.675	4.381	294	6,7
Örorkulífeyrir	1791	1570	221	14,1
Örorkustyrkur	66	98	(32)	(32,7)
Barnalífeyrir	429	364	65	17,9
Fæðingarorlof	633	583	50	8,6
Annað	20	21	(1)	(4,8)
Lífeyristryggingar alls	7.614	7.017	597	8,5

Hækkun örorkulífeyris umfram verðlagsbreytingar má að stærstum hluta rekja til nýrra laga um örorkumat sem tóku gildi 1. september 1999. Samkvæmt þeim byggir örorkumat aðeins á læknisfræðilegum forsendum en ekki er tekið mið af félagslegum aðstæðum eins og fyrri lögín kváðu á um. Ennfremur hafa hin nýju lög áhrif á flokkun örorkuþega milli bótaflokka, það er flutning frá örorkustyrk til örorkulífeyris. Lögín hafa ennfremur áhrif á útgjöld vegna barnalífeyris en með gildistöku þeirra fjölga þeim börnum sem eiga rétt á barnalífeyri.

Breyting á einstökum bótaflokkum félagslegrar aðstoðar voru sem hér segir:

Tafla 18 Félagsleg aðstoð janúar - maí

Í m.kr.	2000	1999	Breyt.	%
Mæðra- og feðralaun	89	84	5	6,0
Umönnunarbætur og styrkir	270	241	29	12,0
Maka- ekkju- og ekkilsbætur	37	39	(2)	(5,1)
Endurhæfingarlífeyrir	77	66	11	16,7
Barnalífeyrir v/menntunar	24	23	1	4,3
Heimilisuppbót	720	658	62	9,4
Uppbætur	863	793	70	8,8
Bílakaupastyrkur	106	75	31	41,3
Félagsleg aðstoð alls	2.186	1.979	207	10,5

Í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2000 kemur fram að framlög voru aukin til heimilisuppbóta vegna breytinga á vinnureglum, ákvörðunar um hækkun vasapeninga og aukin framlög til bílakaupa. Hækkun framangreindra bótaflokka umfram verðlag endurspeglar framangreindar ákvarðanir. Því til viðbótar hefur hækkun endurhæfingarlífeyris orðið umfram verðlag sem skýra má m.a. með fjölgun bótaþega.

Breytingar á einstökum útgjaldaflokkum sjúkratrygginga voru sem hér segir:

Tafla 19 Sjúkratryggingar janúar - maí

Í m.kr.	2000	1999	Breyt.	%
Lækniskostnaður	779	612	167	27,3
Lyf	1752	1730	22	1,3
Hjálpartæki	265	238	27	11,3
Hjúkrun í heimahúsum	31	26	5	19,2
Þjálfun	277	178	99	55,6
Tannlækningar	396	365	31	8,5
Sjúkraflutn. og ferðir innanl.	37	31	6	19,4
Erlendur sjúkrakostnaður	223	70	153	218,6
Sjúkradagpeningar	107	100	7	7,0
Annað	22	16	6	37,5
Sjúkratryggingar alls	3.889	3.366	523	15,5

Í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2000 kemur fram að framlög hækka vegna þjálfunar í tengslum við breytingar á lögum um örorkumat, breytingar á reglugerð um ferðakostnað sjúklunga og fjölgun hjúkrunarfræðinga í heimahjúkrun. Hækkun framangreindra útgjaldaflokka endurspeglar framangreindar ákvarðanir. Meginskýring á hækkun lækniskostnaðar umfram verðlag er fjölgun læknisverka yfir 30% milli ára og áhrif reglugerðarbreytinga frá apríl 1999 um hámarkgreiðslu sjúklings. Hækkun erlends sjúkrakostnaðar má rekja til kostnaðar sem féll til í fyrra en var greiddur í ár og nokkurra tilvika þar sem sjúklingar þurftu á að halda mjög kostnaðarsamri læknismeðferð erlendis. Kostnaður til loka maímánaðar 2000 er 86% af heildarkostnaði vegna sjúkrakostnaðar erlendis á árinu 1999.

Breyting á einstökum bótaflokkum slysatrygginga voru sem hér segir:

Tafla 20 Slysatryggingar janúar - maí

Í m.kr.	2000	1999	Breyt.	%
Læknis- og sjúkrakostnaður	51	42	9	21,4
Framfærsla	111	79	32	40,5
Kaup og aflahlutur sjómanna	54	75	(21)	(28,0)
Sjómannskostnaður	16	15	1	6,7
Slysatryggingar alls	232	211	21	10,0

Í greinargerð með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2000 vegna slysatrygginga segir m.a. að áætlað sé að bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar hækki en á móti lækki bætur vegna framfærslu. Breyting á útgjöldum framangreindra bótaflokka sýna hins vegar að hækkun umfram verðlag hafi orðið hjá báðum bótaflokkunum. Hins vegar hefur framlag vegna kaups og aflahlutar sjómanna lækkað.

### 3.2 Afkomuhorfur almannatrygginga til ársloka 2000

Í fjárlögum fyrir árið 2000 er gert ráð fyrir að verja allt að 28,7 ma.kr. til almannatrygginga, sem er 845 m.kr. eða um 3,0% hækkun útgjöld frá árinu 1999.

Niðurstaða reikninga fyrstu fimm mánuði þessa árs og áætlun um afkomu það sem eftir er ársins 2000 gefur til kynna að útgjöld almannatrygginga geti í árslok, án frekari aðgerða, orðið um 1,0 ma.kr. hærrí en fjárlög og að teknu tilliti til ónotaðra fjárveitinga í árslok 1999. Greinist sú fjárhæð þannig:

Tafla 21 Útgjöld almannatrygginga

Í m.kr.	Fjárlög 2000	Reikn. 1999	Breyt.	%	Áætluð útkoma	Frávik
Lífeyristryggingar	18.780	17.534	1.246	7,1	19.000	220
Sjúkratryggingar	9.330	9.815	(485)	(4,9)	10.500	1.170
Slysatryggingar	590	506	84	16,6	550	(40)
	28.700	27.855	845	3,0	30.050	1.350

Meginskýring á áætluðum umframútgjöldum ársins 2000 miðað við heimildir eru þær að lækniskostnaður er áætlaður um 400 m.kr. umfram áætlunir. Ástæður þessa eru einkum vegna aukningar á læknisverkum sem greidd eru til sérfræðinga vegna minni afkasta heilsugæslulækna í kjölfar kjarasamninga og þess að ýmsar aðgerðir sem áður voru framkvæmdar á sjúkrahúsum en eru nú framkvæmdar á læknastofum utan sjúkrahúsanna. Þá var áformað að lækka lyfjakostnað um 1,0 ma.kr. með margvíslegum aðgerðum á árinu 2000 en í afkomuspá frá Tryggingastofnun ríkisins er hins vegar ekki gert ráð fyrir að ná fram nema helming áformaðs sparnaðar. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur gefið út tvær reglugerðir vegna læknis-, lyfja- og þjálfunarkostnaðar. Áætlað

ráðuneytið að 300 m.kr. muni sparast það sem eftir er árs vegna hinna nýju reglugerða en talið er að á ársgrunni muni sparast um 700 m.kr. Greiðslur fyrstu fimm mánuði ársins vegna lyfja gefa til kynna lækkun lyfjakostnaðar sem meta má á rúmar 200 m.kr. á ársgrundvelli. Aðrir útgjaldaliðir eru taldir hækka um 250 m.kr.



## 4 Fjárhagsstaða heilbrigðisstofnana

Í nóvember í fyrra sendi Ríkisendurskoðun frá sér greinargerð um áætlaða rekstrarstöðu heilbrigðisstofnana í árslok 1999. Í greinargerðinni, sem var tekin saman að beiðni heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis, var komist að þeirri niðurstöðu að um 4,2 ma.kr. vantaði til þess að framlög á fjárlögum til stofnana, sem athugunin náði til, nægðu til að standa undir útgjöldum þeirra. Framlög á fjárlögum 1999 námu samtals ríflega 31,1 ma.kr. en útgjöld í árslok umfram sértekjur voru áætluð rúmir 35,3 ma.kr. Af fyrirsjáanlegum halli voru um 3,6 m.a.kr. vegna halla á árinu 1999 en tæpur 0,6 ma.kr. vegna fyrri ára.

Tafla 22 Heilbrigðisstofnanir

Í m.kr.	Áætlun RE 1999	Útkoma 1999	Frávik	Fjárlög 2000	Áætlun 2000	Frávik
Deildaskipt sjúkrahús	22.190	22.179	11	22.157	22.162	(5)
Sjúkrahús og heilsugæslust.	3.275	3.353	(78)	3.423	3.437	(13)
Heilsugæslustöðvar	2.291	2.347	(55)	2.443	2.384	59
Hjúkrunarheimili	3.714	3.761	(47)	3.833	3.881	(49)
Daggjaldastofnanir	3.288	3.280	8	3.413	3.654	(241)
Heilbrigðisstofnanir alls	34.759	34.920	(162)	35.269	35.518	(249)

Samkvæmt ársreikningum heilbrigðisstofnana fyrir árið 1999 námu gjöld þeirra umfram sértekjur samtals um 34,9 ma.kr. og er sú niðurstaða í góðu samræmi við áætlun Ríkisendurskoðunar, sbr. töflu 22.

Aukin fjárförf heilbrigðisstofnana á árinu 1999 stafaði einkum af hækkun launakostnaðar umfram forsendur fjárlaga, þótt svo að önnur gjöld hafi einnig orðið hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Við gerð fjárlaga fyrir árið 2000 var tekin ákvörðun um að færa framlög úr ríkissjóði til heilbrigðisstofnana sem næst raunverulegu rekstrarumfangi þeirra á árinu 1999. Jafnframt voru samþykkt fjáraukalög til að hækka fjárheimildir vegna ársins 1999 til að mæta hallarekstri á því ári og uppsöfnuðum halla fyrri ára. Samkvæmt

fjárlögum 2000 nema fjárveitingar til heilbrigðisstofnana tæpum 35,3 ma.kr. sem er 349 m.kr. eða 1,0% hækkun miðað við útkomu á árinu 1999. Í forsendum fjárlaga 2000 var gert ráð fyrir að fjárveitingar til heilbrigðisstofnana hækkuðu um 3% frá útkomu 1999 til að mæta launa- og verðlagshækkunum. Minni hækkun heildarframlagsins stafar m.a. af því að gert er ráð fyrir að fjármagnskostnaður stofnana verði lægri á árinu 2000 en áður vegna betri fjárhagsstöðu þeirra og flutnings ónýttra fjárheimilda f.f. ári.

Eftir að fjárlög fyrir árið 2000 höfðu verið samþykkt voru stofnanir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis beðnar um að skila ráðuneytinu rekstraráætlun sem væri í samræmi við fjárveitingu ársins. Áætlanir um rekstur flestra stofnana hafa borist ráðuneytinu og virðist sem stofnanir hafi almennt gert ráðstafanir til að haga starfseminni í samræmi við fjárveitingar. Það liggur fyrir að í einhverjum tilvikum þurfa stofnanir að draga saman starfsemi til að reksturinn verði innan fjárveitinga. Hafa verður ákveðna fyrirvara á sumum áætlunum stofnana enda þar um að ræða bráða-birgðaáætlanir sem eftir var að fullvinna.

Nú standa fyrir dyrum ýmsar breytingar sem eiga að bæta fjármálastjórn í heilbrigðiskerfinu og má þar m.a. nefna:

- Framsetning á ársreikningum heilbrigðisstofnana verður samræmd til að gefa kost á samanburði milli stofnana.
- Heilbrigðisstofnanir munu skila upplýsingum um laun í sameiginlegan gagnagrunn.
- Vísitölur sem notaðar eru til að verðbæta gjaldaliði heilbrigðisstofnana verða endurskoðaðar. Þá verður þróuð reiknilíkön fyrir heilsugæslustöðvar, hjúkrunarheimili og smærri sjúkrahús til ákvörðunar á fjárveitingum vegna 2001. Leita á nýrra leiða við að ákveða fjárveitingar til stærri sjúkrahúsa, t.d. að kanna hvort ákveða eigi fjárveitingar út frá DRG-kerfi (Diagnostic Related Groups).
- Gera á kostnaðarsamanburð á milli heilsugæslustöðva en í skýrslu Hagsýslu ríkisins frá árinu 1994 kom í ljós að verulegur munur var á einingakostnaði heilsugæslustöðva. Uppfæra á þessar upplýsingar til að sjá hver þróunin hafi verið frá því skýrslan var unnin.



- Aðstoða á stjórnendum stofnana við að bæta áætlanagerð og haldnir verða reglulegir fundir með þeim til að fara yfir helstu áherslur og breytingar í ríkisrekstrinum.
- Gera á þjónustusamninga til þriggja ára við hóp heilbrigðisstofnana. Þá verður rekstur nokkurra stofnana tekinn til skoðunar og fjárveitingar til þeirra endurmetnar.

Ríkisendurskoðun mun síðar á árinu kanna afkomuhorfur heilbrigðisstofnana til að sjá hvernig tekist hafi að fylgja rekstrar-áætlunum og fjárheimildum. Verður Alþingi í framhaldi af því gefin skýrsla um málið. Stefnt er að því að taka út stöðu stofnana tvisvar á árinu 2000.



## 5 Lánsfjármál ríkissjóðs

### 5.1 Lánsfjárafgangur ríkissjóðs

Í fjárlögum fyrir árið 2000 var gert ráð fyrir að ríkissjóður myndi þurfa á að halda samtals 33,9 ma.kr. til að standa undir fjárþörf sinni á árinu. Þar af rynnu langstærstur hluti, 27,5 milljarðar kr. eða 81% til að greiða afborganir eldri lána, 6,0 ma.kr. eða tæp 18% til ýmissa lánveitinga á vegum ríkissjóðs, en það sem eftir stendur, 401 m.kr., til að greiða niður viðskiptaskuldir. Til að mæta þessari fjárþörf var gert ráð fyrir að handbært fé frá rekstri myndi skila 18,2 ma.kr., nýjar lántökur 5 ma.kr., innheimtar afborganir af lánnum sem ríkissjóður hefur veitt myndi skila 6,9 ma.kr., og innborgun framlaga vegna stofn- og hlutafjár yrði tæpir 2,3 ma.kr. vegna hlutabréfa sem ríkissjóður myndi selja. Samkvæmt þessu myndi handbært fé í árslok lækka um 1,5 ma.kr.

Hreinn lánsfjárafgangur ríkissjóðs var í fjárlögum áætlaður tæpur 21,0 ma.kr. en það eru þeir fjármunir sem ríkissjóður hefur til að greiða niður skuldir á árinu. Sem fyrr segir var áætlað að ríkissjóður greiddi niður lán um 27,5 m.kr. þannig að lánsfjárþörf þegar upp er staðið myndi verða um 6,5 ma.kr.

Tafla 23 Lánsfjárafgangur ríkissjóðs janúar - maí

Í m.kr.	Fjárlög 2000	Útkoma 2000	Útkoma 1999	Breyting 1999/2000
Handbært fé frá rekstri	18.249	6.521	4.304	2.217
Viðskiptahreyfingar o.fl.	1.849	(1.333)	(2.092)	759
Lánveitingar	(6.015)	(3.464)	(3.125)	(339)
Innheimtar afborganir	6.900	3.922	4.143	(221)
Hreinn lánsfjárafgangur (lánsfjárbörf)	20.983	5.646	3.229	2.416
Afborganir lána <sup>1)</sup>	(27.500)	(19.318)	(16.801)	(2.517)
Heildarlánsfjárafgangur (lánsfjárbörf)	(6.517)	(13.672)	(13.572)	(101)

1) Afborganir af erlendum veltilánnum eru ekki taldar með.

Í maílok 2000 hafði ríkissjóður ráðstafað í heild um 13,5 ma.kr. meiru en á sama tíma árið 1999. Afborganir lána, að erlendum veltilánnum meðtöldum, hækkuðu um 9,6 ma.kr. einkum vegna erlendu veltilánanna sem greidd voru niður, mikillar innlausnar á spariskírteinum og greiðslu annarra innlendra lána. Ríkissjóður greiddi niður lífeyrisskuldbindingar um 2,5 ma.kr. sem er mun meira en gert var á sama tíma í fyrra. Þá voru viðskiptaskuldir ríkissjóðs greiddar mun meira niður en á sama tíma í fyrra.

Til að standa undir auknum greiðslum hafði ríkissjóður úr um 18,0 ma.kr. meiru að spila fyrstu fimm mánuðina í ár en fyrir sama tímabil árið á undan. Handbært fé frá rekstri jókst um 2,2 ma.kr., lántökur voru 11,7 ma.kr. meiri, auk þess sem auknir fjármunir fengust greiddir á árinu vegna sölu ríkisbanka í fyrra. Handbært fé ríkissjóðs lækkaði um tæpan milljarð kr. en á sama tíma í fyrra nam lækkunin tæpum 4,5 ma.kr. Hreinn lánsfjárafgangur ríkissjóðs eftir að fimm mánuðir eru liðnir af árinu 2000 nam ríflega 5,6 ma.kr. sem er talsvert betri staða en á sama tíma í fyrra og munur þar 2,4 ma.kr.

Tafla 24 Lánahreyfingar ríkissjóðs janúar - maí

Í m.kr.	Fjárlög 2000	Útkoma 2000	Útkoma 1999	Breyting 1999/2000
<b>Uppruni:</b>				
Handbært fé frá rekstri	18.249	6.521	4.304	2.217
Lántökur:				
Ríkisvixlar, nettó	3.800	3.489	(3.721)	7.210
Spariskírteini	1.200	1.765	2.166	(401)
Ríkisbréf		106	373	(267)
Önnur innlend lán		11	56	(45)
Erlend lán		14.427	9.233	5.194
Lántökur alls	5.000	19.798	8.107	11.691
Innheimtar afborganir	6.900	3.922	4.143	(221)
Stofnfjárframlög og hlutafé, nettó	2.250	(148)	1.078	(1.226)
Vegna sölu ríkisbanka		5.523		5.523
Uppruni alls	32.399	35.616	17.632	17.984
<b>Ráðstöfun:</b>				
Lánveitingar	6.015	3.464	3.125	339
Aðrir viðskiptareikningar	401	4.208	2.403	1.805
Greitt v/lífeyrisskuldbindinga		2.500	767	1.733
	6.416	10.172	6.295	3.877
Afborganir lána:				
Spariskírteini	11.350	8.965	6.537	2.428
Ríkisbréf	4.000	67	293	(226)
Önnur innlend lán	1.750	1.495	318	1.177
Erlend veltilán		7.094		7.094
Önnur erlend lán	10.400	8.790	9.652	(862)
	27.500	26.412	16.801	9.611
Ráðstöfun alls	33.916	36.584	23.096	13.488
Breyting á handbæru fé	(1.517)	(968)	(5.464)	4.496

## 5.2 Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Í 5. gr. fjárlaga er fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, heimilað að taka lán, endurlána, veita ríkisábyrgðir og fleira eftir því sem kveðið er á um í ákvæðum þessarar greinar.

Lántökuheimildir fjárlaga árið 2000 og notkun þeirra voru sem hér segir í lok maí:

Tafla 25 Lántökur og endurlán ríkissjóðs

Í m.kr.	Fjárlög 2000	Útkoma í lok maí
Láttökur A-hluta	5.000	19.798
Endurlán:		
Lánasj. ísl. námsmanna	3.000	2.900
Rafmagnsveitur ríkisins	550	
Alþjóðaflugþjónustan	65	
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	2.400	554

Lántökur A-hluta ríkissjóðs námu 19,8 ma.kr. en voru áætlaðar allt að 5 ma.kr. í fjárlögum. Skýringin á þessu fráviki er að ríkissjóður tók á þessu ári lán erlendis til 7 ára , en um heimild til slíkrar lántöku er vísað til 6. gr. laga nr. 43/1990 um Lánasýslu ríkisins þar sem m.a. segir: *"Lánasýslu ríkisins fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að endurfjármagna innlendar og erlendar skuldir fyrir gjalddaga þegar hagstæðari kjör bjóðast. Einnig er Lánasýslu ríkisins heimilt að taka fyrir hönd ríkissjóðs erlend skammtímalán til endurgreiðslu áður tekinn erlendra skammtímalána eða breyta sömu skammtímaskuldum í föst lán."*

## 6 Afkomuhorfur ríkissjóðs til ársloka 2000

Við mat Ríkisendurskoðunar á áætlaðri afkomu A-hluta ríkissjóðs á árinu 2000 er gengið út frá þeirri forsendu að ekki verði teknar nýjar ákvarðanir í ríkisfjármálum sem hafa veruleg áhrif á afkomu ríkissjóðs til ársloka. Ennfremur að fyrirhugaður söluhagnaður eigna upp á 4,2 ma.kr. og greiðsla að fjárhæð 6,7 ma.kr. á árinu gangi eftir eins og fjárlög gera ráð fyrir. Loks er gengið út frá að verðlags- og launaþróun verði innan viðmiðunarmarka.

Fjárlög ársins 2000 gera ráð fyrir tekjujöfnuði á rekstrargrunni að fjárhæð 16,7 ma.kr. Að öllu óbreyttu telur Ríkisendurskoðun að afkoma ríkissjóðs geti batnað um 3,5 ma.kr. og að tekjujöfnuður verði um 20,2 ma.kr. Í endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að útgjöld A-hluta ríkissjóðs hækki innan við 1% frá fjárlögum þessa árs eða um 1,5 ma.kr. Helstu tilefni hækkunarinnar eru útgjöld vegna almannatrygginga og vaxtakostnaður. Á móti kemur að tekjur munu hækka um 2,5% frá áætluðum fjárlögum eða um 5,0 ma.kr. Hækkun einstakra teknaliða frá fjárlögum er einkum vegna tekjuskatts einstaklinga og virðisaukaskatts.

Endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir verulegri breytingu á einstaka liðum fjármagnshreyfinga hjá A-hluta ríkissjóðs á árinu. Í lok maímánaðar höfðu verið teknar ákvarðanir sem breyta áætlun fjárlaga verulega. Í fjárlögum var áformað að afborganir langtímalána yrðu 27,5 ma.kr. en nú er gert ráð fyrir að þær hækki um 6,5 ma.kr. sem skýrist af hækkun á afborgunum erlendra lána að fjárhæð 3,5 ma.kr. og meiri innlausnar spariskírteina að fjárhæð 2,7 ma.kr. en upphaflega var gert ráð fyrir. Útgreiðslur vegna annarra skuldaliða og viðskiptareikninga eru ætlaðar 12,2 ma.kr. hærri en fjárlög sögðu til um. Helstu breytingar eru að skuldastaða erlendra veltilána eru lækkuð um 7,1 ma.kr. og þá koma til greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga opinberra starfsmanna að fjárhæð 5,0 ma.kr. Á móti þessu koma inngreiðslur að fjárhæð 5,5 ma.kr. vegna sölu ríkissjóðs á hlutabréfum í Landsbanka Íslands

hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. í desember s.l. en andvirði bréfanna var greitt í janúar í ár.

Heildarlánsfjárpörf ríkissjóðs er nú áætluð 10,1 ma.kr. umfram fjárlög eða alls 16,6 ma.kr. sem sundurliðast eins og sýnt er í töflu 26.

Tafla 26 Heildarlánsfjárpörf ríkissjóðs, áætlun janúar til desember 2000

Í m.kr.	Fjárlög	Áætlun
Frá rekstri	18.300	21.300
Afborganir lána	(27.500)	(42.550)
Sala eigna, nettó	2.250	7.750
Annað	484	(3.115)
Heildarlánsfjárpörf	(6.466)	(16.615)

Til að mæta aukinni fjárpörf hefur ríkissjóður nú þegar tekið erlend lán til langs tíma að fjárhæð 14,4 ma.kr. og innanlands um 2,0 ma.kr. eða samtals 16,4 ma.kr. Fjárlög ársins 2000 gera ráð fyrir lántökum að fjárhæð 5,0 ma.kr. Þannig eru lántökur til lengri tíma orðnar 11,4 ma.kr. hærrí en áætlað var á árinu í heild. Í fjárlögum er gert ráð fyrir að bankareikningar lækki á árinu um 1,5 ma.kr. en nú er gert ráð fyrir bættri stöðu á bankareikningum ríkissjóðs um 3,0 ma.kr. í árslok.